

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Ens 303 Kennsluáætlun, haust 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Erna Gunnarsdóttir, Jónas Jónsson, Karen Malmquist	Sk.st.	EHG, JÓJ, KMQ
----------------	--	---------------	---------------

Áfangalýsing: Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga og hún túlkuð út frá bókmenntalegum hugtökum og samhengi. Aðrir textar verða valdir með tilliti til fjölbreytni og efnis. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða. Námsmat fer fram í formi símats (ritgerð, framsögur, önnur verkefni). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, geti hann sýnt fram á réttmæt forföll. Lágmarkseinkunn er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Markmið:

- > Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- > Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- > Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- > Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- > Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- > Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða, samheita og orðmyndunar í rituðu máli

Námsgögn: Skáldsaga: Malorie Blackman: *Boys Don't Cry* (Doubleday, 2010). Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu. (Fjölritun VMA, haust 2011) Annað ítarefni frá kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Ens 303 Kennsluáætlun, haust 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vikur 34-35. Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Hafinn lestur texta í textahefti. Tímaverkefni.

Vikur 36-38. Áfram unnið með texta í textahefti. Tímaverkefni & orðaforðapróf í lok umfjöllunar. Hafinn lestur skáldsögunnar *Boys Don't Cry*. Umfjöllun og verkefni.

Vikur 39-41 Áfram fjallað um skáldsögu og yfirferð lokið. Munnlegt próf og skriflegt tímaverkefni í lok umfjöllunnar.

Vikur 42-44 Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Nemendur vinna ýmis verkefni þessu tengt. Lotunni lýkur með því að nemendur skrifa ritgerð byggða á efnisyrðingu (thesis).

Vikur 45-46 Orðmyndun í ensku. Verkefni unnin í hefti. Lotunni lýkur með prófi í orðmyndun.

Vikur 47-48 Smásagan "Bloodflowers" lesin og verkefni unnið úr henni. Samantekt annarinnar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt / munnlegt	Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni úr <i>Boys Don't Cry</i> (15%)	25%
Skriflegt	Ritgerð byggð á efnisyrðingu (20%) Ritunarverkefni (10%)	30%
Skriflegt	Orðaforðaverkefni úr tímaritsgreinum.	20%
Skriflegt	Orðmyndun / orðmyndunarverkefni / samheiti.	10%
Skriflegt	Smásaga / kvikmynd / Verkefni	10%
	Ástundun (2%) og þátttaka í kennslustundum (3%)	5%
	Samtals:	100%

Réttur til breytinga áskilinn.

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils